



# Reglugerð um mótanefnd

breytt 6.5.2024

## 1. grein

### MÓTANEFND

Mótanefnd er skipuð þremur einstaklingum. Stjórn KKÍ skipar nefndina til tveggja ára. Formaður nefndarinnar er skipaður af stjórn KKÍ.

Mótanefnd skal í samræmi við gildandi reglur hafa á hendi yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd allra leikja á vegum KKÍ.

## 2. grein

### VERKEFNI

Verkefni mótanefndar er:

- a] Að gera tillögur að deildarskipulagi til stjórnar KKÍ.
- b] Að gera tillögur að leikjafyrirkomulagi í samráði við félög.
- c] Að taka ákvörðun um frestun og niðurfellingu leikja.
- d] Að skoða og samþykkja leikvelli og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur.
- e] Að banna notkun leikvalla, ef nauðsyn krefur.
- f] Að gefa út keppnisdagatal, svo íþróttaviðburðir falli eigi saman að nauðsynjalausu. Staðfest dagatal fyrir næsta tímabil á eftir skal kynna aðildarfélögum KKÍ fyrir 30. apríl ár hvert.
- g] Að gera tillögu að leikjaniðurröðun til stjórnar KKÍ. Stjórn KKÍ sér um útgáfu leikjaniðurröðunar og innheimtu þátttökugjalda.
- h] Að gera tillögu að mótafyrirkomulagi til stjórnar KKÍ ef ljóst er að mótahald verði ekki með þeim hætti sem tilgreint er í reglugerð um körfuknattleiksmót.

Mótanefnd skal setja sér reglur um frestun leikja. Reglurnar skal birta á heimasíðu KKÍ.

## 3. grein

### LEIKVELLIR

Mótanefnd skal samþykkja leikvelli í samræmi við reglur og viðmið FIBA. Leikir í úrvalsdeild karla og kvenna og 1. deild karla og kvenna teljast vera Level 2 leikir skv. viðmiðum FIBA. Aðrir leikir teljast vera Level 3 leikir.

Mótanefnd skal gera tillögu um nauðsynlegar úrbætur leikvalla gerist þess þörf. Gerist þörf á úrbótum er mótanefnd heimilt að setja tímamörk á nauðsynlegar úrbætur. Verði félag ekki við úrbótum er mótanefnd heimilt að setja á dagsektir, eða banna notkun leikvallar. Mótanefnd leggur til sektarupphæð til stjórnar KKÍ fyrir 1. júní ár hvert.

## 4. grein

### ÞÁTTTÖKUTILKYNNINGAR

Mótanefnd auglýsir eftir þátttökutilkynningum fyrir Íslandsmót og Bikarkeppni KKÍ. Þátttökutilkynningum til Íslandsmóts og Bikarkeppni KKÍ skal skila til mótanefndar á tilsettum tíma í samræmi við reglugerð um körfuknattleiksmót. Mótanefnd er heimilt að hafna umsóknum sem ekki berast fyrir tilsettan tíma.

Þátttökutilkynningar skulu vera á því formi sem mótanefnd KKÍ óskar hverju sinni og skal það vera ljóst fyrir 1. júní ár hvert. Sama gildir um sérstakar óskir sem félögini vilja koma á framfæri. Mótanefnd sendir út drög



## KÖRFUKNATTELIKSSAMBAND ÍSLANDS · ICELANDIC BASKETBALL ASSOCIATION

Íþróttamiðstöðin Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík · kki@kki.is Sími: [+354] 514 - 4100 Fax: [+354] 514 - 4101 · www.kki.is

að leikjaniðurröðun í hverjum aldursflokki innan viku frá því að skráningu í viðkomandi aldursflokk lauk. Frestur til að skila athugasemdum í úrvalsdeild karla og kvenna, og 1. deild karla og kvenna er til 1. júlí, en í öðrum deildum og flokkum er frestur tilgreindur af mótanefnd.

Mótanefnd skilar stjórn KKÍ endanlegri tillögu að leikjaskrá úrvalsdeilda karla og kvenna, og 1. deilda karla og kvenna í síðasta lagi 5. júlí. Í öðrum deildum og flokkum skal mótanefnd skila endanlegri tillögu að leikjaskrá í síðasta lagi 15. ágúst.

### 5. grein

#### FJÖLLIÐA- OG FÉLAGSMÓT

Mótanefnd auglýsir eftir móthöldurum fyrir þau fjölliðamót sem halda á í Íslandsmóti fyrir 5. júní. Þeir móthaldarar sem fá fjölliðamótum úthlutað sjá um undirbúnning, skipulag og framkvæmd þeirrar umferðar Íslandsmóts sem þeim er úthlutað ásamt innheimtu allra þátttökugjalda mótsins. KKÍ heldur utan um styrkleikaröðun móttanna og útvegar verðlaun.

Mótanefnd auglýsir jafnframt þær helgar sem halda má félagsmót í minnibolta. Félög geta sótt um að halda slík mótt á auglýstum helgum. Auglýsi félag slíkt mótt án leyfis mótanefndar skal félagið sektað um upphæð sem stjórn KKÍ ákveður á hverju vori.

### 6. grein

#### BOÐUN LEIKS

Boða þarf til leiks með sannanlegum hætti, með minnst viku fyrirvara. Mótanefnd er skylt að tilkynna breytingar á leikjaniðurröðun með sannanlegum hætti. Ef gera þarf breytingu á leikjaniðurröðun, þá skal hún gerð með að minnsta kosti viku fyrirvara. Mótanefnd getur hafnað færslu leikja með minni fyrirvara. Óski félög eftir færslu leiks með minni fyrirvara en viku og samþykki mótanefnd færslu leiksins skulu umrædd félög greiða gjald fyrir færslu leiksins. Mótanefnd leggur til við stjórn KKÍ fyrir 1. júní ár hvert hvert gjald fyrir færslu leikja skal vera.

Um boðun leiks sem frestað hefur verið af mótanefnd gilda aðrar reglur.

### 7. grein

#### LANDSLEIKJAHLÉ

Mótanefnd skal gera hlé á keppni úrvalsdeilda karla og kvenna þegar opinberir landsleikjagluggar FIBA standa yfir. Almennt skal ekki leika fyrr en tveimur (2) sólahringum eftir lok landsleikjaglugga, en þessir tveir sólahringar teljast vera hluti landsleikjaglugga. Mótanefnd getur hafnað færslu leikja inn í landsleikjaglugga.

### 8. grein

#### MÓTI AFLÝST

Mótanefnd skal kappkosta að ljúka móti innan þess ramma sem keppnisdagatal gerir ráð fyrir. Takist ekki að ljúka móti innan þess ramma, er mótanefnd heimilt að framlengja mótið ef umtalsverðar líkur eru á, að mati mótanefndar, að hægt verði að ljúka viðkomandi móti. Mótanefnd er heimilt, telji hún það nauðsynlegt, að flytja leiki í bikarkeppni aftur fyrir lokadag deildarkeppni.

Ef sýnt þykir að ekki verði unnt að ljúka Íslandsmóti eða bikarkeppni samkvæmt leikjaskrá vegna ófyrirséðra utanaðkomandi aðstæðna getur mótanefnd lagt það fyrir stjórn KKÍ að aflýsa keppni í öllum deildum. Skal þá eftirfarandi gilda:



## KÖRFUKNATTELIKSSAMBAND ÍSLANDS · ICELANDIC BASKETBALL ASSOCIATION

Íþróttamiðstöðin Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík · kki@kki.is · Sími: [+354] 514 - 4100 · Fax: [+354] 514 - 4101 · www.kki.is

- 8.1. Hafi að lágmarki 2/3 hlutar heildarleikja í deildarkeppni úrvals- og 1. deildar verið leiknir samkvæmt leikjaskrá ræður meðalfjöldi stiga hvers liðs fyrir sig í hverjum leik sem það hefur lokið á þeim degi þegar móti er aflýst, endanlegrí niðurröðun. Telst keppni í Íslandsmóti þar með lokið. Deildarmeistarar deilda skulu þá krýndir í hvorri deild. Þar sem keppni lauk ekki fellur eitt lið úr úrvalsdeild og deildarmeistarar 1. deildar flytjast upp í úrvalsdeild fyrir næsta tímabil. Engir Íslandsmeistarar verða krýndir án úrslitakeppni.
- 8.2. Takist ekki að leika 2/3 hluta leikja í deildarkeppni áður en keppni er aflýst, verður engin færsla milli deilda, engir deildarmeistarar verða krýndir og staða liða við upphaf næsta tímabils á eftir verður sú sama og við upphaf þess tímabils sem ekki var hægt að ljúka.
- 8.3. Takist að klára 2/3 hluta leikja í stökum deildum skal krýna deildarmeistara þeirra deilda. Engin færsla verður þó milli deilda án þess að allar deildir hjá sama kyni ljúki minnst 2/3 hluta leikja samkvæmt leikjaskrá.
- 8.4. Þurfi að fresta leikjum, svo ekki sé hægt að klára staka leiki sbr. 4. grein, þó þannig að leiknir hafa verið minnst 2/3 hlutar deildarkeppni skal röðun liða ákvarðast af grein 5.1. Leika skal úrslitakeppni í samræmi við röðun liða, sé þess kostur.
- 8.5. Takist ekki að ljúka bikarkeppni skal ekkert lið krýnt bikarmeistari.
- 8.6. Mótanefnd leggur tillögur fyrir stjórn KKÍ hvernig ljúka skuli keppni neðri deilda og yngri flokka.
- 8.7. Stjórn KKÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni sem koma til álita þurfi að takmarka eða ljúka keppni samkvæmt þessari grein.

### 9. grein

#### TENGILIÐIR VIÐ MÓTANEFND

Félög skulu tilnefna forsvarsmann til að annast samskipti við mótanefnd. Félögin skulu tilkynna mótanefnd nöfn og tengiliðaupplýsingar samstarfsmanna sinna. Það er á ábyrgð félaga að réttar upplýsingar séu á skrá hjá KKÍ.

Mótanefnd eða fulltrúi hennar skal hafa fasta viðtalstíma á skrifstofu KKÍ á meðan keppnistímabil stendur yfir.

### 10. grein

#### EFTIRLITSMENN

Mótanefnd hefur heimild til, í samvinnu við dómarranefnd, að skipa eftirlitsmann á alla leiki á vegum KKÍ sem gefur umsögn um framkvæmd leiks og dómgæslu.

Berist alvarlegar athugasemdir um framkvæmd heimaleiks félags að mati nefndarinnar skal almennt skipa eftirlitsmann á næsta heimaleik félagsins.

### 11. grein

#### SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Mótanefnd skilar skýrslu um starfsemi sína til stjórnar KKÍ þremur vikum fyrir körfuknattleiksþing.